

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1618**2017/EES/17/27****frá 8. september 2016****um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 um áburð í því skyni að aðlaga I. og IV. viðauka (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 frá 13. október 2003 um áburð ⁽¹⁾, einkum 1. og 3. mgr. 31. gr. og 4 mgr. 29. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Lagðar hafa verið fram beiðnir skv. 2. mgr. 31. gr. reglugerðar (EB) nr. 2003/2003 um að fella nokkrar áburðartegundir inn í I. viðauka við þá reglugerð.
- 2) [S,S]-etylendíamíndírafsýra er lífrænn klóbindill fyrir snefilefni. Járn, sem er klóbundið með [S,S]-etylendíamíndírafsýru, er notað til að leiðrétta járnskort og til að vinna bót á fölvasyki af völdum járnskorts í skrautplöntum og tilbúnum grasmottum. Það brotnar hratt niður og veldur því lágmarksáhættu á útskolun frá yfirborðsjarðvegi í grunnvatn, sundrast alveg og sýnir engin eiturrhif fyrir spendýr eða lagardýr.
- 3) Heptaglúkónsýra er lífrænn bindill fyrir snefilefnaáburð. Heptaglúkónsýra er skilvirk, lífbrjótanleg og sýnir góðan stöðugleika sem spannar breitt sýrustigsbil og hefur mikla vatnsleysni. Heptaglúkónsýra hefur verið leyfð um árabíl á Spáni án þess að tilkynnt hafi verið um skaða fyrir umhverfið eða heilbrigði manna.
- 4) Framleiðendur [S,S]-etylendíamíndírafsýru og heptaglúkónsýru hafa lagt fram beiðnir til framkvæmdastjórnarinnar, fyrir milligöngu yfirvalda í Þýskalandi og á Spáni, um að bæta þessum efnum við á skrána yfir leyfða, lífræna klóbindla og bindla í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 til að gera [S,S]-etylendíamíndírafsýru og heptaglúkónsýru aðgengilega bændum alls staðar í Sambandinu. [S,S]-etylendíamíndírafsýra og heptaglúkónsýra, eins og tilgreint er í I. viðauka við þessa reglugerð, uppfylla þær kröfur sem mælt er fyrir um í 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 2003/2003. Því ætti að bæta þeim á skrána yfir leyfða, lífræna klóbindla og bindla í I. viðauka við þá reglugerð.
- 5) Þar eð greiningaraðferðir til að ákvarða [S,S]-etylendíamíndírafsýru og heptaglúkónsýru eru tiltækar ætti að tilgreina þessar aðferðir í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 í þeim tilgangi að auðvelda eftirlit, sem aðildarríki hafa með höndum, skv. 29. gr. þeirrar reglugerðar. Undirfyrirsögnin, sem lýsir aðferð 11, ætti að endurspegla þá staðreynd að heptaglúkónsýra er bindill.
- 6) Blandan sem verður til við efnahvarf N-bútýlfosfórþíótríamíðs og N-própýlfosfórþíótríamíðs var færð inn í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1257/2014 ⁽²⁾. Nýlegar rannsóknir hafa sýnt að ekki er hægt að búast við marktækum mun á minnkun ammoníakslosunar hvort sem hvarfblandan er notuð eða hrein blanda efnanna tveggja. Þess vegna ætti að breyta færslunni til að gera framleiðendum slíkrar blöndu kleift að hafa val um eina af þessum framleiðsluáferðum.
- 7) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 2003/2003 til samræmis við það.
- 8) Í því skyni að tryggja að Staðlasamtök Evrópu birti greiningaraðferð, sem nú er verið að veita fullgildingu, fyrir [S,S]-etylendíamíndírafsýru ætti að kveða á um hæfilegan frest áður en [S,S]-etylendíamíndírafsýru er bætt við í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 og nýja greiningaraðferðin fyrir þessa tegund áburðar í IV. viðauka við hana tekur gildi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjóttíð. ESB L 242, 9.9.2016, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjóttíð. ESB L 304, 21.11.2003, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1257/2014 frá 24. nóvember 2014 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 um áburð í því skyni að aðlaga I. og IV. viðauka (Stjóttíð. ESB L 337, 25.11.2014, bls. 53).

- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 2003/2003.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar

Reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.
- 2) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 1. liðar I. viðauka og 2. liðar II. viðauka skulu þó koma til framkvæmda frá og með 1. júlí 2017.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. september 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er breytt sem hér segir:

1) Í töflunni í lið E.3.1. bætist eftirfarandi færsla við:

„12	[S,S]-etýlendíamíndírafsýra	[S,S]-EDDS	$C_{10}H_{16}O_8N_2$	20846-91-7“
-----	-----------------------------	------------	----------------------	-------------

2) Í töflunni í lið E.3.2 bætist eftirfarandi færsla við:

„2	Heptaglúkonsýra	HGA	$C_7H_{14}O_8$	23351-51-1“
----	-----------------	-----	----------------	-------------

3) Í stað færslu 3 í töflunni í lið F.2. komi eftirfarandi:

„3	Blanda N-bútýlfosfórþíótríamíðs (NBPT) og N-própýlfosfórþíótríamíðs (NPPT) (í hlutföllunum 3:1 ⁽¹⁾) Hvarfblanda: EB-nr. 700-457-2 Blanda N-bútýlfosfórþíótríamíðs/ N-própýlfosfórþíótríamíðs: N-bútýlfosfórþíótríamíð: ELINCS-nr. 435-740-7 N-própýlfosfórþíótríamíð: CAS-nr. 916809-14-8	Lágmark: 0,02 Hámark: 0,3		
----	---	------------------------------	--	--

⁽¹⁾ Vikmörk fyrir hlutfall N-própýlfosfórþíótríamíðs: 20%.“

II. VIÐAUKI

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er breytt sem hér segir:

- 1) Í B-hluta, undir fyrirsögninni „Aðferð 11“ komi undirfyrirsögnin „Klóbindlar og bindlar“ í stað „Klóbindlar“.
- 2) Í B-hluta bætist eftirfarandi aðferð 11.9 við:

„Ákvörðun á [S,S]-etylendíamíndírafsýru

EN 13368-3 3. hluti: Áburður – Ákvörðun á klóbindlum í áburði með litskiljun: Ákvörðun á [S,S]-etylendíamíndírafsýru með jónapörunarskiljun

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.“

- 3) Í B-hluta bætist eftirfarandi aðferð 11.10 við:

„Ákvörðun á heptaglúkonsýru

EN 16847: Áburður – Ákvörðun á bindlum í áburði —Greining heptaglúkonsýru með litskiljun

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.“
